

Athyglismerkið

Athyglismerkið er ákveðin tækni til að ná athygli nemenda í hóp. Þegar allt starfsfólk skóla tekur sig saman og notar sama athyglismerkið er ávinningurinn m.a. sá að nemendur læra að hlusta af virðingu á aðra. Þegar einhver talar er ætlast til að aðrir beri virðingu fyrir því, hætti því sem þeir eru að gera, hafi hljótt, sýni þeim sem talar athygli og hlusti. Síður er þörf á endurtekningum. Athyglismerkið er þar að auki fyrirbyggjandi aðferð fyrir nemendur sem gjarnan sýna erfiða hegðun.

Dæmi um athyglismerki er klapp, rétt upp hægri hönd og talið upp að þremur. Þegar búíð er að telja upp að þremur eiga nemendur að vera búnir að leggja frá sér verkefni, rétta upp hægri hönd og horfa á kennarann. Ýmsar aðferðir er hægt að nota til að ná athygli nemenda, s.s. fyrirmæli, tónlist, bjalla, klapp, ljós, telja o.fl. Mikilvægt er að hver skóli velji sér athyglismerki sem allir starfsmenn og nemendur þekkja og tileinka sér til að hámarka virðingu og tillitssemi innan skólans.

Athyglismerki þarf að kenna nemendum í hóp. Kennt er eftir sömu aðferðum og notast er við þegar annarskonar hegðun er kennd, þ.e. færni rædd og rökstudd, athyglismerkið sýnt, nemendur æfa sig, rétt og röng viðbrögð sýnd og rædd, nemendum hrósað með tilvísun í einkunnarorð. Færnina er hægt að æfa með skeiðklukku þar sem tekinn er tími á því hversu snöggir nemendur eru að veita kennara athygli. Hægt er að búa til skemmtilegan leik úr æfingunum, m.a. með notkun mynda og hvatningakerfis.

Nánar um athyglismerkið og kennsluáferðir má lesa í bókinni *Til fyrirmyndar*.